

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

33. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 16. Júlí 2018

kl. 17:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. Hringbraut 125

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Birgir Örn Ólafsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri. Andri Víðisson boðar forföll.

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Kosning í embætti stjórnar. Tilnefndir voru Friðjón Einarsson sem formaður stjórnar, og Birgir Örn Ólafsson sem varaformaður stjórnar. Samþykkt samhljóða.
2. Kynning á starfsemi Brunavarna Suðurnesja bs. Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri kynnti starfsemi félagsins og fór yfir samþykktir og markmið félagsins.
3. Staðan á útboði nýrrar slökkvistöðvar að Flugvöllum 29. Útboðsgögn vegna verkfræðihönnunar tilbúin og stefnt að útboði í samvinnu við Ríkiskaup á næstu dögum.
4. Nýr samningur við Sjúkratryggingar Íslands. Slökkviliðsstjóri kynnti drög að nýjum samning við Sjúkratryggingar sem byggir á eldri samningi og tekur tillit til launahækkana félagsmanna á liðnu ári. Stjórn samþykkir samninginn og felur slökkviliðsstjóra að ganga frá samningnum.
5. Staða fjármála. Rekstur í jafnvægi en langtíma veikindi hafa sett launalið tímabundið úr jafnvægi en ekki er gert ráð fyrir öðru en að fjárhagsáætlun í heild sinni muni standast.
6. Skýrsla slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri fór yfir helstu atriði í rekstri félagsins, brunavörnum og starfsmannahaldi.
7. Tímasetningar stjórnarfunda fyrir árið 2018. Slökkviliðsstjóra falið að senda tillögu til stjórnar.
8. Önnur mál. Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 18:30.





